

Rótaryklúbburinn Reykjavík – Austurbær (Rótaryklúbburinn) og Píetasamtökin hér eftir aðilar, gera með sér eftirfarandi

S A M N I N G um verkefnið

Stuðningur við aðstandendur þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir eða stunda sjálfskaða

1.gr. Markmið verkefnisins og hlutverk aðila

Markmið verkefnisins er að veita stuðning og fræðslu til aðstandenda þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir eða stunda sjálfskaða, sem gagnast má bæði til forvarna og almenns stuðnings.

Veittur verður faglegur stuðningur, forvarnir og fyrsta hjálp með fræðslu og jafningjastuðningi. Miðað er að því að vera m.a. með „bjargráð“, núvitund, fræðslu um lyf og kynningu á þeim úrræðum sem í boði eru og leiðbeina um hvenær skuli nýta þau.

Píetasamtökin, eru framkvæmdaraðili þeirra verkefna sem samningurinn tekur til, nema öðruvísi sé ákveðið, en Rótaryklúbburinn fjármögnunaraðili í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2.gr. Framvinda verkefnisins

1. Undirbúningur

Undirbúningshópur Píetasamtakanna skipaður sálfræðingi og félagsráðgjafa munu hanna og þróa hjálparúrræðið. Aðferðafræðin grundvallast á hugmyndafræði Pieta móðelsins. Undirbúningshópurinn mun hefja störf í byrjun janúar 2021.

2. Hópavinna

Stefnt er að því að hópur aðstandenda komi saman á 2ja vikna fresti og verði fundirnir leiddir af Pieta ráðgjafa. Um tveir fundir á mánuði í átta til níu mánuði, alls sextán til átján fundir, sem stefnt er á að hefjist ekki seinna en í lok janúar 2021.

3. Kynning á starfsemi Píetasamtakanna

Rótaryklúbburinn mun standa fyrir kynningu á starfsemi Píetasamtakanna innan klúbbsins, á vettvangi Rótrýhreyfingarinnar á Íslandi og á almennum vettvangi, svo sem í fjölmiðlum, í samráði við framkvæmdastjóra Píetasamtakanna.

3.gr. Fjárstuðningur

Rótaryklúbburinn veitir alls til verkefnisins kr. 1.000.000,- sem skiptist þannig að kr. 500.000,- greiðast við undirritun samnings þessa, en kr. 500.000,- eigi síðar en 1. mars, eða þegar verkefnið er komið á ásættanlegan rekspöl og mótframlag styrktarsjóðs Rótary á Íslandi liggur fyrir. Reiknað er með að kr. 100.000,- verði varið til undirbúnings verkefnisins, en afgangnum, eða kr. 900.000,- til hins eiginlega starfs sem samningurinn tekur til. Rótaryklúbburinn fjármagnar sjálfur þá kynningu sem samningurinn tekur til, eftir því sem við á.

Reykjavík 8. janúar 2021

f.h. Rótaryklúbbsins Reykjavík – Austurbæjar

f.h. Píetasamtakanna

Sigríður Lillý Baldursdóttir, forseti

Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri